

Borgarráð

Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - notkun fjarfundabúnaðar.

Í vor samþykkti Alþingi breytingar á sveitastjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 kórónaveirufaraldursins. Ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra, sem gildi til 18. júlí 2020, heimilaði sveitastjórnnum að taka ákvarðanir til að bregðast við ástandinu og samþykkti borgarstjórn í framhaldinu að heimila fjarfundabúnað verði á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða og annarra nefnda Reykjavíkurborgar.

Gildandi takmarkanir á samkomum gilda til 13. ágúst 2020. Þar kemur fram að hvar sem fólk kemur saman og í allri starfsemi verði viðhöfð sú regla að hafa a.m.k. tvo metra á milli einstaklinga en að sú ráðstöfun er ekki lengur valfrjáls. Tryggja verður nú tveggja metra fjarlægð í fundarsal fyrir þá kjörnu fulltrúa sem mæta á fundarstað ráða og nefnda Reykjavíkurborgar auk þess sem lagt er til að kjörnum fulltrúum verði áfram veittur kostur á því að taka sæti á fundum með fjarfundabúnaði. Á meðan tveggja metra reglan er í gildi skulu gestir að jafnaði taka sæti á fundum með fjarfundabúnaði. Í tillögunni sem nú er lögð fyrir borgarráð, sem fer með heimildir borgarstjórnar í sumarleyfi hennar, er gert ráð fyrir að fjarfundabúnaður verði áfram heimilaður á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða og annarra nefnda Reykjavíkurborgar til næsta reglulega fundar borgarstjórnar sem haldinn verður 1. september nk.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

